

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Norðurþings og fundarsköp sveitarstjórnar, nr. 627/2006.

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 11. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Fundargerðir byggðarráðs og málefnanefnda til afgreiðslu nema lög mæli á annan veg.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 24. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, nefndar eða stjórnar skal sveitarstjórnarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

3. gr.

1. málsl. 28. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, nefndar eða sveitarstjóra.

4. gr.

Í stað orðsins „ráðum“ í 2. mgr. 32. gr. samþykktarinnar kemur: byggðarráði.

5. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 42. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Þá kýs sveitarstjórn formenn og varaformenn byggðarráðs og nefnda skv. B-lið 56. gr. samþykktar þessarar.

6. gr.

Við 3. málsl. 44. gr. samþykktarinnar bætist: en þess skal þá getið í fundargerð.

7. gr.

Orðið „ráða“ í 2. málsl. 1. mgr. 47. gr. samþykktarinnar fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. samþykktarinnar:

- a) Orðin „ráðs eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
- b) 4. mgr. verður svohljóðandi:

Málefnanefndir skulu að jafnaði halda fund mánaðarlega. Eigi skal þó halda fundi sjaldnar en ársfjórðungslega. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, yfirmaður viðkomandi málefnasviðs, formaður eða a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Heimilt er að halda fundi með síma- eða fjarfundabúnaði, enda verði þess getið í fundargerð.

9. gr.

1. málsl. 51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

10. gr.

2. másl. 52. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í byggðarráði, nefndum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

11. gr.

53. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Um hlutverk og valdsvið byggðarráðs, nefnda og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið viðkomandi nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

12. gr.

Í stað orðsins „ráð“ í 1. másl. 54. gr. samþykktarinnar kemur: byggðarráð.

13. gr.

Í stað orðanna „ráða og stjórna sveitarfélagsins“ í 1. másl. 55. gr. kemur: byggðarráðs.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. samþykktarinnar:

a) B-liður verður svohljóðandi með fyrirsögn:

Fulltrúar í nefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Félagsmála- og barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. *Menningar- og fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. *Æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
5. *Hafnarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. *Framkvæmda- og þjónustunefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.

b) Fyrirsögn C-liðar verður svohljóðandi:

Fulltrúar í aðrar nefndir og stjórnir og embættismenn kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

- c) 12. tölul. C-liðar fellur brott og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það.
- d) 2. másl. 18. tölul. C-liðar (sem verður 17. tölul.) fellur brott.
- e) 26. tölul. C-liðar fellur brott og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. samþykktarinnar:

a) 1. mgr. verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir byggðarráð og nefndir skv. A- og B-lið 56. gr. þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og valdsvið viðkomandi nefndar og helstu verkefni. Þá staðfestir sveitarstjórn erindisbréf annarra nefnda skv. C-lið 56. gr. eftir því sem við á. Fundargerðir byggðarráðs og nefnda skv. A- og B-lið 56. gr. skulu afgreiddar af sveitarstjórn en aðrar fundargerðir skv. 56. gr. skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar.

b) Síðasti másl. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Fundargerðir þeirra skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu eða kynningar eftir því sem við á.

16. gr.

Við 4. mgr. 59. gr. samþykktarinnar bætist nýr málsliður svohljóðandi:
Í forföllum sveitarstjóra gegnir fjármálastjóri störfum hans.

17. gr.

60. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn ræður yfirmenn málefnasviða sem heyra beint undir sveitarstjóra í skipuriti. Sveitarstjóri ræður forstöðumenn einstakra stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess að fengnum tillögum yfirmanns viðkomandi málefnasviðs.

18. gr.

1. mgr. 61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Forstöðumenn stofnana ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 60. gr. að fengnu samþykki sveitarstjóra og yfirmanns viðkomandi málefnasviðs, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

19. gr.

2. mgr. 63. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Komi til ágreinings vegna ráðninga skv. 61. eða 62. gr. skal málið afgreitt af viðkomandi málefnanefnd.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Norðurþings hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. nóvember 2007.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.